

# Fréttabréf foreldraráðs FG



FRÓÐLEIKSMÓLAR - FRÉTTIR - HUGLEIÐINGAR

1. tölublað, 3. árgangur

Ágúst 2013

## Málþing foreldra, nemenda og kennara við FG vor 2013



Miðvikudaginn 18. febrúar 2013 var haldið málþing foreldra, nemenda og kennara við FG. Markmið var að skapa vettvang fyrir samtal á milli þessara hópa og ræða skólastarfið, stefnumótun og gildi sem skipta máli fyrir FG. Þetta er í fyrsta sinn sem boðað var til slíks þings, og var öllum frjálst að taka þátt. Þó þátttaka hafi verið dræm, verður að segjast að lífleg umræða skapaðist og þeir sem mættu voru almennt ánægðir með að slíkt málþing væri haldið. Í daglegu starfi gefst ekki oft tími til að yfirvega og ræða málefni, skipulag og áherslur í starfi sem skipta þó miklu máli. Til undirbúnings málþings

var send rafræn könnun á foreldra, kennara og nemendur og eru niðurstöður hennar aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skólastjórnendur hyggjast nýta umræður og könnun inn í endurskoðun á stefnu skólans .

Við í foreldraráði erum stolt af því að hafa lagt okkar af mörkum, og þökkum kærlega öllum þeim sem svöruðu könnun og/eða mættu á málþing. Helstu niðurstöður rafrænnar könnunar má finna á [heimasíðu FG](#).

f.h. stjórnar,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir

**Aðalfundur félagsins haldinn þriðjudag 27. ágúst**

**kl. 18.15-19.00 í Urðarbrunni**

Markmið foreldrafélagsins eru að:

- standa vörð um réttindi nemenda til mennta og styðja við starf skólans.
- efla samstarf meðal forráðamanna sem og samstarf við starfsfólk skólans.
- Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.

Sjá nánar [lög](#) félagsins



Ábyrgðarmaður fréttabréfs: Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@gmail.com)

FRÓÐLEIKSMOLAR - FRÉTTIR - HUGLEIÐINGAR

## Um starf foreldraráðs

- Í ráðinu sitja 6-7 forráðamenn nemenda við skólann
- Ráðið fundir mánaðarlega og alla jafna mætir fulltrúi skóla á fundina
- Ráðið kemur sjónarmiðum foreldra áleiðis til skólastjórnenda
- Ráðið skipar fulltrúa í skólanefnd FG, skv. lögum
- Einnig hefur ráðið fengið að skipa fulltrúa í skólaráð FG
- Ráðið stendur fyrir fræðslu- og umræðufundum fyrir foreldra, í samstarfi við skólann
- Fundargerðir og fleira er að finna á [heimasíðu FG](#)

**Ef þú hefur áhuga á að taka þátt, hafa áhrif og kynnast betur starfi FG, hafðu samband við okkur í foreldraráði og mættu á fund!**

### Umræður um yfirtöku Garðabæjar á rekstri Fjölbrautarskólans við Garðabæ



GARÐABÆR

Á árinu 2012 óskaði bæjarstjórn Garðabæjar eftir viðræðum við mennta- og menningamálaráðuneytið um hvort og með hvaða hætti Garðabær gæti tekið að sér rekstur Fjölbrautarskólans í Garðabæ. Ef Garðabær tekur yfir rekstur FG hefði bærinn yfir að ráða

samfellu í skólamálum frá leikskóla allt þar til nemendur gætu hafið nám á háskólastigi. Eitt af því sem nefnt hefur verið sem gæti breyst við yfirtökuna er styttri náms-tími til stúdentsprófs. Í janúar birtist viðtal við Katrínu Jakobsdóttur, þá-

verandi mennta- og menningamálaráðherra, vegna málsins þar sem hún sagðist opin fyrir hugmyndum bæjarstjórnar. Formlegar viðræður virðast ekki hafa verið í gangi síðustu mánuði.

Foreldrafélagið mun fylgjast með framvindu málsins en hefur ekki tekið formlega afstöðu enda liggur ekki fyrir hvaða áhrif breytingin gæti haft í för með sér fyrir nemendur. *Sigrún Ósk Sigurðardóttir Ritari foreldraráðs*